



Borgarráð

Endurskoðaðar reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að endurskoðuðum reglum um notkun á merki Reykjavíkurborgar. Þær breytingar haldast í hendur við fyrirhugaðar breytingar á notkun skjaldamerkis Reykjavíkurborgar og samræmt útlit sniðmáta fyrir borgina.

Greinargerð:

Reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar voru samþykktar í borgarráði þann 10. ágúst 2004. Með tilkomu nýs upplýsingatæknikerfis, Hlöðunnar, þykir þörf á samræmingu á útliti allra skjala og gagna Reykjavíkurborgar til einföldunar og hagræðis.

Drög að breyttum reglum um notkun á merki Reykjavíkurborgar eru nú lögð fram í samræmi við þær breytingar. Þær eru:

1. Í grein 3. hefur verið fjarlægð setningin: „~~Í rafrænu skjalavistunarkerfi borgarinnar er heiti embættis, deildar og stofnunar skrifað með Arial (Arial reglular)~~.“ Þá er orðalaginu „~~Heitið Reykjavíkurborg er notað í yfirtitli og heiti viðkomandi embættis, deildar eða stofnunar þar undir.~~“ breytt í „*Heitið Reykjavíkurborg skal notað í titli. Einnig er heimilt að heiti viðkomandi embættis, deildar eða stofnunar komi þar undir.*“
2. Í grein 3. hefur „~~upplýsingafulltrúa~~“ verið breytt í „*miðlægu samskiptateymi*“.
3. Í grein 5.1. er setningu breytt á eftirfarandi hátt: „~~Á bréfsefni verði skjaldamerki borgarinnar ásamt heiti embættis, deildar eða stofnunar efst í vinstra horni.~~“ breytt í eftirfarandi: „*Á bréfsefni verði skjaldamerki borgarinnar en einnig er heimilt að heiti embættis, deildar eða stofnunar sé efst í vinstra horni.*“ Þá er tekin út setningin: „~~Óski stofnanir eftir að nota eigin merki á bréfsefni þar að staðsetja það neðst í hægra horni og skal það vera innan reits sem er að hámarki jafnt skjaldamerkinu á hæð og 2/3 af heitinu Reykjavíkurborg á breidd. Hið sama gildir um nafnspjöld kjörinna fulltrúa og starfsmanna borgarinnar og skal stærð merkis stofnana vera í sömu hlutföllum og á bréfsefni.~~“

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Drög að endurskoðuðum reglum um notkun á merki Reykjavíkurborgar.

Hönnunarstaðall - reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar.

Reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar

1. grein

Útlit skjaldarmerkisins

Skjaldarmerki Reykjavíkurborgar er tvær öndvegissúlur og þrjár öldulínur á gotneskum skildi.

2. grein

Litir merkisins

Litur merkisins er blár en öndvegissúlur og öldur eru hvítar. Nota má svartan lit í stað þess bláa. Sé merkið prentað á dökkan grunn er heimilt að draga hvíta línu í kringum það.

Skýringarmyndir með 2. grein.



Borgarstjóra er heimilt að nota silfur í stað hvíta litarins.

Í Pantone litakerfinu er blái liturinn Pantone 287: 12 hlutar Pantone Process blár, 4 hlutar Pantone Reflex blár, ½ hlutar Pantone svartur.

Í CMYK litakerfinu: Cyan:100%, Magenta: 69%, Yellow: 0%, Black: 11%.

Í RGB litakerfinu (skjábirting): Red: 0, Green: 51, Blue: 102

Merki notað svarthvitt: 100% svart

3. grein

Letur merkisins

Með skjaldarmerki borgarinnar er notuð leturgerðin *Berthold Akzidens Grotesk*. Skjaldarmerkið skal annað hvort staðsett fyrir framan texta eða miðjað með texta. Heitið Reykjavíkurborg skal notað í titli. Einnig er heimilt að heiti viðkomandi embættis, deildar eða stofnunar komi þar undir. Leiðbeiningar um notkun á stórum og litlum staf er að finna í fylgiskjali 1. Stærðarhlutföll leturs og skjaldarmerkis hafa verið fastsett sbr. hönnunarstaðal í fylgiskjali 2.

Skýringarmyndir með 3. grein.



Reykjavíkurborg



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjóra



Reykjavíkurborg

Skjaldarmerkið með lettri er aðgengilegt á vef borgarinnar, www.reykjavik.is, og hjá miðlægu samskiptateymi Reykjavíkurborgar.

4. grein

Notkun skjaldarmerkisins með öðrum merkjum

Skjaldarmerki Reykjavíkurborgar má ekki fella inn í önnur merki, tákn eða letur. Þegar skjaldarmerkið stendur með öðru merki skal fjarlægð frá því að lágmarki vera sem nemur helmingi af breidd skjaldar.

5. grein

Notkun merkisins

Borgarstjóri, borgarfulltrúar og stofnanir borgarinnar noti merkið á bréfum, nafnspjöldum, í útgáfum, auglýsingum og til að auðkenna starfsemi borgarinnar.

5.1 Bréfsefni og nafnspjöld

Á bréfsefni verði skjaldarmerki borgarinnar en einnig er heimilt að heiti embættis, deildar eða stofnunar sé efst í vinstra horni. Ef stofnanir óska eftir að hafa mynd af starfsmanni á nafnspjöldum skal hún vera fyrir ofan nafn viðkomandi. Sjá fyrirmyndir að bréfsefni og nafnspjöldum í fylgiskjali 2.

5.2 Kynningarefni, auglýsingar og annað útgefið efni

Í öllu kynningarefni, skýrslum og öðru útgefnu efni frá stofnunum borgarinnar á merki borgarinnar að vera áberandi á forsiðu og/eða baksíðu. Leitast skal við að nota skjaldarmerki borgarinnar en þar sem henta þykir betur er heimilt að nota sk. „kynningarútgáfu“ merkisins, þ.e. ferhyrning eða borða með merki borgarinnar í stað skjaldar sbr. sýnishorn í fylgiskjali 4. Ekki er gerð krafa um nákvæma staðsetningu merkisins eða útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

Merkið er aðgengilegt á vef borgarinnar, www.reykjavik.is, og hjá upplýsingafulltrúa Reykjavíkurborgar.

5.3 Atvinnuauglýsingar

Í atvinnuauglýsingum skal nota skjaldarmerki borgarinnar með heitinu Reykjavíkurborg og ber að staðsetja það efst eða neðst á vinstri blaðrönd. Ekki er gerð krafa um útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

5.4 Vefsíður

Á vefsíðum stofnana á, með notkun skjaldarmerkisins, að koma fram með greinilegum hætti að þær tilheyri Reykjavíkurborg. Ekki er gerð krafa um nákvæma staðsetningu merkisins eða útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

5.5 Skyggnur (glærur)

Borgarfulltrúar og starfsmenn noti ávallt merki borgarinnar í glærुकynningum sem þeir halda fyrir hönd borgarinnar. Þeim er heimil notkun á glærugrunnum sem eru aðgengilegir á innri vef borgarinnar. Ekki er gerð krafa um nákvæma staðsetningu merkisins eða útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

5.6 Byggingar

Allar byggingar sem hýsa starfsemi borgarinnar eiga að vera merktar með skjaldarmerki borgarinnar og heiti viðkomandi starfsemi. Merkingar eru á ábyrgð þeirra sem reka fasteignir borgarinnar. Merkingarnar skulu vera á áberandi stað til að auðvelda fólki að finna viðkomandi þjónustu. Sjá sýnishorn í hönnunarstaðli í fylgiskjali 2.

5.7 Bifreiðar

Bifreiðar sem eru í notkun á vegum Reykjavíkurborgar og stofnana hennar skulu merktar með skjaldarmerki borgarinnar. Einnig er heimilt að setja vefslóð og/eða miðlægu símanúmeri þar sem því verður við komið. Merkið skal líma á framhurðir á hvorri hlið bifreiðar, þannig að miðja merkis komi á miðju hurðar og efri brún merkis sé u.þ.b. 5 cm frá neðri brún hliðarrúðu. Sjá nánar í hönnunarstaðli í fylgiskjali 2.

5.8 Fánar, gjafavara og önnur sértilvik

Á fánum er notað blátt skjaldarmerki miðjað á hvítum feldi. Fyrir sex metra fánastöng er breiddin 150 cm en hæðin 100 cm. Fyrir fánastöng sem er 8 metrar er breiddin 180cm og hæðin 120 cm. Standfánar eru 100 x160 cm og með hvítu kögri. Borðfánar eru 15 cm að breidd en 25 cm að hæð og með hvítu kögri.

5.9 Gjafavara o.fl.

Þegar skjaldarmerki borgarinnar er notað á gjafavöru borgarinnar og annað sem ekki fellur undir hefðbundið prentefni er óhjákvæmilegt að sveigja frá stífum kröfum um litanotkun. Þó er mælt til þess að litir séu sem líkastir því sem tilgreint er í 2. grein. Lögð er áhersla á að skjaldarmerkið fái notið sín með smekklegum hætti eftir því sem við á hverju sinni.

6. grein

Önnur notkun merkisins

Öðrum en borgarstjóra, borgarfulltrúum, starfsmönnum og stofnunum Reykjavíkurborgar er óheimilt að nota merki borgarinnar, með þeim undantekningum sem hér greinir. Um útlit, liti og letur merkisins gilda sömu reglur og kveðið er á um í grein 1, 2, 3, 4 og 5.2.

6.1 Notkun félagasamtaka

Félög um borgarmálefni mega, að fengnu leyfi Reykjavíkurborgar¹, nota merki borgarinnar ásamt félagsmerki sínu eða greinilegu auðkenni. Sama gildir um félög borgarstarfsmanna. Reykjavíkurborg getur, hvenær sem er, krafist þess að merki borgarinnar sé afmáð úr slíku félagsmerki, ef notkun þess kastar rýrð á skjaldarmerkið sjálft eða þykir óheppilegt á annan hátt. Félögum sem koma fram sem Reykjavíkurfélög í keppni er heimilt að nota merkið til auðkenningar.

6.2 Notkun á söluvarningi

Óski einstaklingar eða fyrirtæki að framleiða varning með merkinu eða merkið sjálft í einhverju formi og hafa til sölu þarf til þess leyfi Reykjavíkurborgar hverju sinni. Óheimilt er að nota merkið sem hluta af firmamerki eða vörumerki. Stjórnmalaflokkum er ekki heimilt að nota merkið og óheimilt er með öllu að nota það til stjórnmálaáróðurs.

6.3 Umsóknir um notkun

Umsókn til Reykjavíkurborgar um leyfi til þess að nota skjaldarmerki borgarinnar skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn eða uppdráttir af merkinu eins og á að nota það.

Samþykkt af borgarráði XX. XXX 2021

¹ Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara leiðbeinir um gerð merkis og veitir leyfi til notkunar þess.



Reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar - hönnunarstaðall

Efnisyfirlit

1. Útlit skjaldarmerkisins
2. Litir merkisins
3. Letur merkisins
4. Notkun skjaldarmerkis með öðrum merkjum
5. Notkun merkis - bréfsefni og nafnspjöld
6. Bréfsefni og nafnspjöld - málsetning
7. Bréfsefni og nafnspjöld borgarstjórnar
8. Bréfsefni og nafnspjöld með merki stofnana
9. Notkun merkis - kynningarefni, auglýsingar og annað útgefið efni
10. Vefsíður, skyggjur, byggingar og bifreiðar
11. Fánar
12. Gjafavara borgarinnar, önnur notkun merkisins, val á pappír ofl.


Tákn Reykjavíkur

Öndvegissúlur í ölduróti eru táknmynd Reykjavíkurborgar og á það vel við. Nú eru 47 ár liðin frá því að skjaldarmerki Reykjavíkurborgar í núverandi mynd var tekið upp. Margt hefur breyst á þessum tíma og margt er að breytast en öndvegissúlurnar geta staðið fyrir það traust sem Reykjavíkurborg nýtur í ölduróti tímans. Fátt er mikilvægara en að standa vörð um það traust. Það skiptir líka máli að staðinn sé vörður um skjaldarmerkið sem tákn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar. Það á að vera stolt borgarbúa og þeirra sem vinna hjá Reykjavíkurborg í almannapágu. Það er jafnframt vegvisir að þjónustu borgarinnar og merki um þá umfangsmiklu starfsemi sem borgarbúar verja skattfé sínu til.

Þótt merkið sé að ná fimmtugsaldri hefur notkun þess og útfærsla breyst í gegnum tíðina. Borgarráð samþykkti á fundi sínum 10. ágúst 2004 nýjar reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar, en þar með falla úr gildi reglur frá 21. október 1997.

Þrátt fyrir að skjaldarmerki sveitarfélaga lúti ekki sömu lögmálum og vörumerki fyrirtækja, er nauðsynlegt að skoða reglulega með hvaða hætti þau eru nýtt og sett fram. Hinar nýju reglur festa í sessi það sem vel hefur gefist en ýmislegt nýtt er þar einnig að finna. Má þar nefna nýtt letur sem þykir virðulegt en um leið glæsilegt auk þess sem það endurspeglar nútímaleg vinnubrögð borgarinnar. Þá er í fyrsta sinn veitt heimild til notkunar á sérstakri kynningarútgáfu merkisins, sem getur hentað betur en skjaldarformið við hönnun ýmis konar kynningarefnis.

Það er mikilvægt að allir sem fara með merki Reykjavíkurborgar fylgi þeim leiðbeiningum sem hér fara á eftir. Hið fallega merki skapar góða ímynd sé rétt með það farið.




Þóroldur Árnason,
borgarstjóri.

1. grein

Útlit skjaldarmerkisins

Skjaldarmerki Reykjavíkurborgar er tvær öndvegissúlur og þrjár öldulínur á gotneskum skildi.



Merki hreinteikning

2. grein

Litur merkisins

Litur merkisins er blár en öndvegissúlur og öldur eru hvítar.

Nota má svartan lit í stað þess bláa.

Sé merkið prentað á dökkan grunn

er heimilt að draga hvíta línu

í kringum það.

Borgarstjóra er heimilt að nota silfur í stað hvíta litarins.

Í Pantone litakerfinu er blái liturinn

Pantone 287:

12 pts Pantone Process Blue

4 pts Pantone Reflex Blue,

1/2 pt Pantone Black.

Í CMYK litakerfinu:

Cyan 100%

Magenta 69%

Yellow 0%

Black 11,5%

Í RGB litakerfinu (skjábirting):

Red 0

Green 51

Blue 102

Merki notað svarthvitt:

Black 100%



Reykjavíkurborg



Reykjavíkurborg



CMYK og Pantone 287



Black 100%



Pantone 287 á dökku grunn



Silfur og Pantone 287

3. grein

Letur merkisins

Með skjaldarmerki borgarinnar er notuð leturgerðin Berthold Akzidens Grotesk. Í rafrænu skjalavistunarkerfi borgarinnar er heiti embættis, deildar og stofnunar skrifað með Arial (Arial regular). Skjaldarmerkið skal annað hvort staðsett fyrir framan texta eða miðjað með texta. Heitið Reykjavíkurborg er notað í yfirtitli og heiti viðkomandi embættis, deildar eða stofnunar þar undir. Leiðbeiningar um notkun á stórum og litlum staf er að finna á bls. 11. Stærðarhlutföll leturs og skjaldarmerkis hafa verið fastsett sbr. hönnunarstaðal.

Skjaldarmerkið með letri er aðgengilegt á vef borgarinnar, www.reykjavik.is og hjá upplýsingafulltrúa Reykjavíkurborgar.

Aðrir leturmöguleikar

Sýnishorn af letri í Berthold Akzidens leturfjölskyldunni sem hugsanlega má nota kynningarefni.



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjóra



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjóra

Berthold Akzidens regular 14,16 pt með undirheiti Berthold Akzidens light 9,2/11,47 pt - 50% tracking

Berthold Akzidens letur

Berthold Akzidens light
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens regular
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens leturfjölskyldan

Berthold Akzidens medium
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens medium italic
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens bold
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens bold italic
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens extra bold
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens super
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens extended
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens medium extended
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

Berthold Akzidens bold extended
ABCDEFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ
1234567890 (.,':;,"?!*+--=/%")
abcdefghijklmnopqrstuvwxyzþæö

4. grein

Notkun skjaldarmerkisins með öðrum merkjum

Skjaldarmerki Reykjavíkurborgar má ekki fella inn í önnur merki, tákn eða letur. Þegar skjaldarmerkið stendur með öðru merki skal fjarlægð frá því að lágmarki vera sem nemur helmingi af breidd skjaldar.



Fjarlægð skal að lágmarki vera sem nemur helmingur af breidd skjaldar

Heiti borgarinnar

Skjaldarmerki Reykjavíkurborgar ásamt heiti á nokkrum tungumálum.



Danska



Enska



Franska



Sænska



Þýska



5. grein

Notkun merkisins

Borgarstjóri, borgarfulltrúar og stofnanir borgarinnar noti merkið á bréfum, nafnspjöldum, í útgáfum, auglýsingum og til að auðkenna starfsemi borgarinnar.



Reykjavíkurborg
skrifstofa borgarstjóra

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík
Sími 563 2000
Bréfsími 562 1799
www.reykjavik.is


5.1 Bréfsefni og nafnspjöld

Á bréfsefni verði skjaldarmerki borgarinnar ásamt heiti embættis, deildar eða stofnunar efst í vinstra horni. Óski stofnanir eftir að nota eigin merki á bréfsefni ber að staðsetja það neðst í hægra horni og skal það vera innan reits sem er að hámarki jafnt skjaldarmerkinu á hæð og 2/3 af heitinu Reykjavíkurborg á breidd. Hið sama gildir um nafnspjöld kjörinna fulltrúa og starfsmanna borgarinnar og skal stærð merkis stofnunar vera í sömu hlutföllum og á bréfsefni. Ef stofnanir óska eftir að hafa mynd af starfsmanni á nafnspjöldum skal hún vera fyrir ofan nafn viðkomandi.



Á nafnspjöldum skal stærð merkis vera 70% af merki á bréfsefni og í sömu hlutföllum.

Bréfsefni 1:1

Sýnishorn af bréfsefni og nafn- og kveðjuspjaldi í 50% stærð




Reykjavíkurborg:
Berthold Akzidenz regular
9,91pt / 8,03pt
Undirheiti stofnana/deilda:
Berthold Akzidenz light
6,44pt / 8,03pt - 50% gleikkun
jafna vinstri
Litur Pantone 287



Málsetning á nafn- og kveðjuspjaldi

15mm frá efri brún að merki
18mm frá vinstri brún að merki
Reykjavíkurborg:
Berthold Akzidenz regular
14,16pt / 11,47pt
Undirheiti stofnana/deilda:
Berthold Akzidenz light
9,2pt / 11,47pt - 50% gleikkun
jafna vinstri
Litur Pantone 287

Bréfsefni



Málsetning á bréfsefni

Bréfsefni borgarstjórnar

Á bréfsefni forseta borgarstjórnar og
kjörinna fulltrúa komi nafn og starfsheiti.
Ef óskað er eftir að hafa mynd
á nafnspjöldum skal hún vera fyrir ofan
nafn viðkomandi.



Reykjavíkurborg
borgarstjórn

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 12
101 Reykjavík
Sími 563 2000
Bréfsími 562 1799
www.reykjavik.is

Jón Jónsson, forseti borgarstjórnar

Bréfsefni 1:1



Reykjavíkurborg
borgarstjórn

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 12
101 Reykjavík
Sími 563 2000
Bréfsími 562 1799
www.reykjavik.is

Nafn kjörinna fulltrúa
jafna vinstri við heiti
Reykjavíkurborgar
9,9mm frá neðri brún
Berthold Akzidenz medium 8pt
starfsheiti í sömu línu
Berthold Akzidenz light 8pt
Litur Pantone 287

Jóna Jónsdóttir, borgarfulltrúi

Bréfsefni 1:1 kjörinna fulltrúa með nafni



Reykjavíkurborg
borgarstjórn



Jafna við eftir brún

Jóna Jónsdóttir
borgarfulltrúi

gsm 863 2002
jona.jonsdottir@reykjavik.is

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 12
101 Reykjavík
Sími 563 2000
Bréfsími 562 1799
www.reykjavik.is

Nafnspjald 1:1

5.1 Bréfsefni og nafnspjöld

Á bréfsefni verði skjaldarmerki borgarinnar ásamt heiti embættis, deildar eða stofnunar efst í vinstra horni. Óski stofnanir eftir að nota eigin merki á bréfsefni ber að staðsetja það neðst í hægra horni og skal það vera innan reits sem er að hámarki jafnt skjaldarmerkinu á hæð og 2/3 af heitinu Reykjavíkurborg á breidd. Hið sama gildir um nafnspjöld kjörinna fulltrúa og starfsmanna borgarinnar og skal stærð merkis stofnunar vera í sömu hlutföllum og á bréfsefni. Ef stofnanir óska eftir að hafa mynd af starfsmanni á nafnspjöldum skal hún vera fyrir ofan nafn viðkomandi.

Á nafnspjöldum skal stærð merkis vera 70% af merki á bréfsefni og í sömu hlutföllum.




Reykjavíkurborg
Menningarmiðstöðin Gerðuberg



Gerðuberg 3-5
111 Reykjavík
Sími 575 7700
Bréfsími 562 5808
www.gerduberg.is

Bréfsefni 1:1

Sýnishorn af bréfsefni og nafn- og kveðjuspjöldum í 50% stærð



5.2 Kynningarefni, auglýsingar og annað útgefið efni

Í öllu kynningarefni, skýrslum og öðru útgefnu efni frá stofnunum borgarinnar á merki borgarinnar að vera áberandi á forsiðu og/eða baksíðu. Leitast skal við að nota skjaldarmerki borgarinnar en þar sem henta þykir betur er heimilt að nota sk. „kynningarútgáfu“ merkisins, þ.e. ferhyrning eða borða með merki borgarinnar í stað skjaldar sbr. sýnishorn.

Ekki er gerð krafa um nákvæma staðsetningu merkisins eða útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

Merkið er aðgengilegt á vef borgarinnar, www.reykjavik.is og hjá upplýsingafulltrúa Reykjavíkurborgar.


Kynningarmerkið er negatíft á bláum eða svörtum fleti. Lengja má eina hlið flatarins og er staðsett þannig í fletinum að frá merki að brún flatarins er rými sem nemur hálfri breidd merkisins. sbr. skýringarmynd. Hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.




Reykjavíkurborg




Merki borgarinnar og kynningarútgáfa merkisins - efri eða neðri brún merkis/litaflatar beri við miðju á fleti




Stærð A4 21x29,7sm




Stærð A4 21x29,7sm




Stærð A5 14,7x21sm



Stærð A4 21x29,7sm



Stærð 20x20sm






Stærð 9,9x21sm
(túristabrot)

Kynningarefni með kynningarútgáfa merkisins - efri eða neðri brún súlna beri við miðju á fleti

5.3 Atvinnuauglýsingar

Í atvinnuauglýsingum skal nota skjaldarmerki borgarinnar með heitinu Reykjavíkurborg og ber að staðsetja það efst eða neðst á vinstri blaðrönd. Ekki er gerð krafa um útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.



Atvinnuauglýsingar

5.4 Vefsíður

Á vefsíðum stofnana á, með notkun skjaldarmerkisins, að koma fram með greinilegum hætti að þær tilheyri Reykjavíkurborg. Ekki er gerð krafa um nákvæma staðsetningu merkisins eða útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

Gæta skal að fjarlægð merkis að brún eða öðru efni nemi aldrei minna en hálfri breidd merkisins.

5.5 Skyggjur (glærur)

Borgarfulltrúar og starfsmenn noti ávallt merki borgarinnar í glærukynningum sem þeir halda fyrir hönd borgarinnar. Ekki er gerð krafa um nákvæma staðsetningu merkisins eða útlit að öðru leyti en því að hönnuðum ber að gæta þess að merkið falli vel að heildarútliti og njóti sín vel.

Gæta skal að fjarlægð merkis að brún eða öðru efni nemi aldrei minna en hálfri breidd merkisins.

5.6 Byggingar

Allar byggingar sem hýsa starfsemi borgarinnar eiga að vera merktar með skjaldarmerki borgarinnar og heiti viðkomandi starfsemi. Merkingar eru á ábyrgð þeirra sem reka fasteignir borgarinnar. Merkingarnar skulu vera á áberandi stað til að auðvelda fólki að finna viðkomandi þjónustu.



Listasafn Reykjavíkur



Listasafn Reykjavíkur



Listasafn
Reykjavíkur




Listasafn
Reykjavíkur

5.7 Bifreiðar

Bifreiðar sem eru í notkun á vegum Reykjavíkurborgar og stofnana hennar skulu merktar með skjaldarmerki borgarinnar. Einnig er heimilt að setja vefslóð og/eða miðlægt símanúmer þar sem því verður við komið. Merkið skal líma á framhurðir á hvorri hlið bifreiðar, þannig að miðja merkis komi á miðju hurðar og efri brún merkis sé u.þ.b. 5 sm frá neðri brún hliðarrúðu.



www.reykjavik.is



5.8 Fánar

Á fánum er notað blátt skjaldarmerki miðjað á hvítum feldi.

Fyrir sex metra fánastöng:
Breidd 150sm, hæð 100sm.

Fyrir átta metra fánastöng:
Breidd 180sm, hæð 120sm.

Standfánar:
Breidd 100sm, hæð 160sm
og með hvítu kögri.

Borðfánar:
Breidd 15sm, hæð 25sm
og með hvítu kögri.



6 metra fánastöng: Breidd 150sm x hæð 100sm, 8 metra fánastöng: Breidd 180sm x hæð 120sm



Standfánar: Breidd 100sm x hæð 160sm með hvítu kögri



Borðfánar: Breidd 15sm x hæð 25sm eða breidd 18sm x hæð 30sm og með hvítu kögri

5.9 Gjafavara borgarinnar

Pegar skjaldarmerki borgarinnar er notað á gjafavöru borgarinnar og annað sem ekki fellur undir hefðbundið prentefni er óhjákvæmilegt að sveigja frá stífum kröfum um litanotkun. Þó er mælt til þess að litir séu sem líkastir því sem tilgreint er í 2. grein. Lögð er áhersla á að skjaldarmerkið fái notið sín með smekklefum hætti eftir því sem við á hverju sinni.

6. grein

Önnur notkun merkisins

Öðrum en borgarstjóra, borgarfulltrúum, starfsmönnum og stofnunum Reykjavíkurborgar er óheimilt að nota merki borgarinnar, með þeim undantekningum sem hér greinir. Um útlit, liti og letur merkisins gilda sömu reglur og kveðið er á um í grein 1, 2, 3, 4 og 5.2.

6.1 Notkun félagsamtaka

Félög um borgarmálefni mega, að fengnu leyfi Reykjavíkurborgar, nota merki borgarinnar ásamt félagsmerki sínu eða greinilegu auðkenni. Sama gildir um félög borgarstarfsmanna. Reykjavíkurborg getur, hvenær sem er, krafist þess að merki borgarinnar sé afmáð úr slíku félagsmerki, ef notkun þess kastar rýrð á skjaldarmerkið sjálft eða þykir óheppilegt á annan hátt. Félögum sem koma fram sem Reykjavíkurfélög í keppni er heimilt að nota merkið til auðkenningar.

6.2 Notkun á söluvarningi

Óski einstaklingar eða fyrirtæki að framleiða varning með merkinu eða merkið sjálft í einhverju formi og hafa til sölu þarf til þess leyfi Reykjavíkurborgar hverju sinni. Óheimilt er að nota merkið sem hluta af fyrirtækjamerki eða vörumerki. Stjórnmalaflokkum er ekki heimilt að nota merkið og óheimilt er með öllu að nota það til stjórn málaáróðurs.

6.3 Umsóknir um notkun

Umsókn til Reykjavíkurborgar um leyfi til þess að nota skjaldarmerki borgarinnar skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn eða uppdættir af merkinu eins og á að nota það.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara leiðbeinir um gerð merkis og veitir leyfi til notkunar þess.

Leiðbeiningar Íslenskrar málstöðvar um notkun á stórum og litlum staf í stofnana- og starfsheitum

Stór stafur

Nöfn fyrirtækja, stofnana og embætta (í merkingunni stofnun) eru ávallt höfð með stórum staf. Undir þetta falla ýmsir sjóðir og ráð sem líta má á sem stofnanir á vegum eða í tengslum við ríkið og hafa að jafnaði launað starfslið í föstum stöðum. Félagsþjónustan í Reykjavík, Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Leikskólar Reykjavíkur, Bilastæðasjóður Reykjavíkur, Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Skipulagssjóður Reykjavíkurborgar.

Í stytta eða breyttu sérnafni er valfrjálst hvort notaður er stór eða lítill stafur: Ráðhús Reykjavíkur = Ráðhúsið eða ráðhúsið.

Nöfn sviða ber að rita með stórum staf í samræmi við 6. gr. auglýsingar um íslenska stafsetningu nr. 132/1974 en þar segir m.a.:

„Valfrjálst er, hvort rita skal stóran eða litin staf í stytta eða breyttu nafni stofnunar eða nafni stofnunarhluta (deildar innan stofnunar), ef einungis er um eina stofnun að ræða hérlandis og misskilningur eða ruglingur ólíklegur...“. Reykjavíkurborg myndi í þessum skilningi flokkast sem stofnun og sviðin sem megin-stofnunarhlutarnir sem rekstur borgarinnar hríslast út frá: Stjórnsýslu- og fjármálasvið, Þróunar- og fjölskyldusvið, Skipulags- og byggingarsvið, Umhverfis- og tæknisvið.

Lítill stafur

Lítill stafur er ritaður í starfsheitum og titlum: borgarstjórinn í Reykjavík, borgarritari, byggingarfulltrúi, menningarmálastjóri, jafnréttisráðgjafi, borgarbókari, hafnarstjóri, framkvæmdastjóri miðborgar.

Ef starfsheiti stendur fyrir embætti er ritaður stór stafur. Dæmi: Hún hefur unnið alla sína tíð hjá Borgarverkræðingi.

Nöfn deilda, brauta og skora eru rituð með litlum staf ef um samnöfn er að ræða: fjármáladeild, tölvudeild, þjónustudeild, þróunarsvið. Þetta á ekki við ef orðið er dregið af sérnafni, t.d. Vesturlandsdeild, Norðurlandasvið o.s.frv., eða ef litið er á það sjálft sem sérnafn, t.d. Asparlundur (um deild á leikskóla).

Nöfn nefnda og ráða eru rituð með litlum staf: skipulags- og byggingarnefnd, íþrótt- og tómstundaráð, hverfisráð o.s.fv. Þó ber að rita heiti þeirra borgarhluta sem hverfisráð draga nöfn sín af með stórum staf: hverfisráð Vesturbæjar.

Pappír:

Bréfsefni, nafn- og kveðjuspjöld eru prentuð á eftirfarandi pappír:

Bréfsefni nafn- og kveðjuspjöld

Bréfsefni - Ziegler-Offset 90g

Nafn- og kveðjuspjöld - Ziegler-Offset 240g

Umslög

Postillon - hvít með limborða eða felldum flipa:

M65 (112x223mm) með og án glugga

M5 (155x223mm) með og án glugga

C6 (114x162mm) með og án glugga

C5 (162x229mm) með og án glugga

C4 (229x324mm) með og án glugga

B4 (250x353mm) án glugga

Viðhafnarbréfsefni og boðskort

Bréfsefni - vatnsmerktur Classic wove White 100g

Umslög - Classic wove White

M65, C5, C6,

Boðskort -Classic wove White 250g

Kynningarefni (ef vill)

Einblöðungar, bæklingar, ofl. - Ziegler-Offset 80-300g

Reglur um notkun á merki Reykjavíkurborgar má nálgast á vef borgarinnar www.reykjavik.is Merkið er einnig aðgengilegt á vefnum og hjá upplýsingafulltrúa Reykjavíkurborgar.